

## Viðhorf ungmenna í íslensku fjölmennings- samfélagi til menningar- og trúarlegs margbreytileika

Breytingar á samfélögum nútímans í átt til aukins fjölbreytileika hafa víðtæk áhrif á líf ungs fólks. Í íslensku samfélagi hefur hlutfall íbúa sem ekki hafa íslenskan ríkisborgararétt aukist undanfarna áratugi (Hagstofa Íslands, 2015a) og trúarlegur fjölbreytileiki vaxið (Hagstofa Íslands, 2015b). Markmið greinarinnar er að lýsa viðhorfum ungmenna til fjölbreytileika fólks í íslensku samfélagi hvað varðar uppruna og trúarbrögð og viðhorf þeirra til trúariðkunar, jafnréttis, frelsis og mannréttinda. Beitt er þverfaglegri nálgun trúaruppeldisfræði, fjölmenningsfræði og uppeldisfræði. Notuð eru gögn úr stórrí rannsókn á lífsviðhorfum og lífsgildum ungs fólks í íslensku fjölmenningsamfélagi þar sem aðferðir voru blandaðar, meginlegar og eigindlegar. Fyrri hluti rannsóknarinnar var viðhorfakönnun í sjö framhaldsskólum. Niðurstöður úr viðhorfakönnuninni voru grundvöllur síðari hluta rannsóknarinnar þar sem gögnum var safnað í rýnihópaviðtölum við konur og karla af ólíkum uppruna í fimm af sömu skólum árin 2013 og 2014. Í greininni er fjallað um niðurstöður úr rýnihópaviðtölunum og þær bornar saman við nokkrar niðurstöður viðhorfakönnunarinnar. Niðurstöður benda til þess að unga fólk sé jákvætt gagnvart menningar- og trúarlegum fjölbreytileika.

Efnisorð: ungmenni, íslenskt samfélag, menningar- og trúarlegur margbreytileiki, jafnrétti, mannréttindi

### INNGANGUR

Breytingar á samfélögum nútímans í átt til aukins fjölbreytileika hafa víðtæk áhrif á líf ungs fólks. Menningarlegur og trúarlegur fjölbreytileiki samfélaga hefur aukist með vaxandi flutningi fólks milli landa (Castles og Miller, 2009), og jafnframt hafa samskipti milli landa aukist með auknum ferðalögum og samskiptum í netheimum (Dolby og Rizvi, 2008; Elliott og Urry, 2010).

Íslenskt samfélag hefur breyst mikið á stuttum tíma og hlutfall íbúa sem ekki hafa íslenskan ríkisborgarétt hefur aukist síðastliðna áratugi úr 1,8% árið 1995 í 7,4%

árið 2015 (Hagstofa Íslands, 2015a). Trúarlegur fjölbreytileiki hefur jafnframt vaxið á Íslandi undanfarin ár og er fjölgun trúfélaga eitt merki um þann vöxt. Fyrir tuttugu árum voru skráð trúfélög á Íslandi alls 17 en nú eru þau 43. Árið 1995 voru 91,5% íbúa skráð í þjóðkirkjuna en nú 73,76%. Árið 1995 voru einungis 1,5% íbúa utan trúfélaga en nú er hlutfallið 5,61% (Hagstofa Íslands, 2015b).

Nokkrar sambærilegar rannsóknir hafa verið gerðar á Íslandi en flestar þeirra hafa beinst að lífsstíl og heilsu ungs fólks (Guðbjörg Vilhjálmisdóttir, 2008; Sigrún Júlíusdóttir, 2006; Þóroddur Bjarnason, 2006), og sumar að reynslu af flutningi til Íslands (Hanna Ragnarsdóttir, 2008, 2011) og reynslu af fjöltrúarlegum aðstæðum (Pétur Björgvin Þorsteinsson, 2009), en fáar hafa beinst að lífsgildum og lífsviðhorfum (Gunnar Finnbogason og Gunnar J. Gunnarsson, 2006; Gunnar J. Gunnarsson, 2008, 2009; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007; Sigrún Júlíusdóttir, 2006). Í rannsóknarverkefninu sem hér er fjallað um er leitast við að auka þekkingu á viðhorfum ungs fólks til ýmissa þátta er tengjast þróun fjölmeningarsamfélags á Íslandi.

Markmið greinarinnar er að rýna í viðhorf ungmenna til fjölbreytileika fólks í íslensku samfélagi hvað varðar uppruna og trúarbrögð og viðhorf til trúarlegrar iðkunar, jafnréttis, frelsis og mannréttinda. Það verður gert með því að skoða niðurstöður úr rýnihópaviðtölunum og bera þær saman við niðurstöður úr viðhorfakönnuninni.

## FRÆÐILEGUR BAKGRUNNUR

Með vaxandi fjölbreytileika samfélaga er mikilvægt að velta fyrir sér viðhorfum einstaklinga og hópa til fjölbreytileika og því hvernig samskipti þeirra þróast. Cummins (2009) hefur rætt um það hvernig aukinn hreyfanleiki fólks milli landa og vaxandi fjölbreytileiki innan landa geti valdið félagslegri spennu sem oft tengist ólíkri valdastöðu. Margir fræðimenn hafa fjallað um mikilvægi þess að rödd allra heyrst og að samfélög leiti leiða til að jafna valdastöðu ólíkra hópa og einstaklinga (Banks, 2013; Hanna Ragnarsdóttir, 2007; May og Sleeter, 2010; Nieto, 2010; Parekh, 2006). Habermas (2008) hefur bent á að trúarlegt umburðarlyndi geti stuðlað að jafnrétti ólíkra menningar- og trúarlegra hópa í lýðræðisríkjum. Habermas (2004) fjallar annars vegar um trúarlegt umburðarlyndi sem ákvarðað er af yfiröldum og hins vegar umburðarlyndi sem byggist á því að viðurkenna trúfrelsi. Hið síðarnefnda tengist skilningi á trúfrelsi sem mannréttindum. Með umburðarlyndi er átt við að fólki sé gefið visst svigrúm til að hafa skoðanir. Í þessu samhengi er mikilvægt að ungt fólk með ólíkar skoðanir, gildi og sýn nálgist hvað annað. Þetta er kjarni lýðræðishugmynda Deweys (1916/1966). Ólafur Páll Jónsson (2011) telur mikilvægt að nemendur skiptist á skoðunum og læri að þeir geti lifað saman þrátt fyrir ólíkar skoðanir og viðhorf. Skrif Walzers (1997) eru af sama meiði, en hann heldur því fram að umburðarlyndi geri mismun mögulegan og mismunur kalli óhjákvæmilega á umburðarlyndi.

Nýlegar rannsóknir hafa varpað ljósi á afstöðu ungs fólks til fjölmeningarsamfélaga og fjölhyggju. Sannerstedt (2013) gerði megindelega rannsókn á viðhorfum íbúa í Suður-Svíþjóð til fjölmeningarhyggju (e. multiculturalism). Niðurstöðurnar benda til þess að viðhorf ungs fólks til fjölhyggju (e. pluralism), innflytjenda og flóttamanna séu jákvæðari og unga fólkið sýni þessum þáttum meiri skilning en í sams konar könnun árið 2008.

Undanfarin ár hefur umræða um innflytjendur í fjölmenningsamfélögum gjarnan tengst trúarbrögðum og slíkri umræðu hafa oft fylgt fordómafullar staðhæfingar (Vernell, 2012). Collins og Mayo (2010) hafa bent á að ungt fólk sé kynslóðin sem leiði menningarlegar og félagslegar breytingar. Afskipti ungs fólks af trúarbrögðum, trúarhugmyndum og trúarlegum stofnunum varpi ljósi á það hversu lífseig trú og trúariðkun sé og hvernig trúarbrögð geti aðlagast og breyst í tengslum við stóra félagslega og menningarlega strauma. Rannsóknir með ungmennum í Evrópu undanfarin ár hafa leitt í ljós hversu mikilvægt það er að fjallað sé markvisst um trúarbrögð í skólum. MacDonald (2012) bendir í því samhengi á að kennarar þurfi að gera sér grein fyrir því hve flókinn trúarlegur veruleiki ungs fólks sé í dag og að nálgast þurfi trúarbrögð sem flókin menningarleg fyrirbæri.

Á undanförunum árum hafa margir fræðimenn bent á að trúarbrögð hafi öðlast aukið vægi í evrópskum samfélögum með auknum fjölda innflytjenda og vaxandi fjölmenningu, bæði í samskiptum fólks, fjölmiðlum og pólitískri umræðu. Rætt er um trúarbrögð sem uppsprettu merkingarsköpunar en einnig sem orsök spennu og átaka og því verði að taka þau alvarlega sem áhrifaald í lífi einstaklinga og hópa (Bertram-Troost, Ipgrave, Jozsa og Knauth, 2008; Weisse, 2010). Því sé mikilvægt að trúarbragðafraeðsla vinni gegn fordómum, stuðli að umburðarlyndi og sé tengd friðaruppeldi (Jackson og Fujiwara, 2008). Cusack (2011) bendir á að trúarleg uppeldismótun hafi breyst í vestrænum samfélögum úr því að vera einsleit félagsmótun inn í tiltekin trúarbrögð fjölskyldu og samfélags yfir í vaxandi margbreytileika þar sem sambandið milli trúar fólks og trúarstofnana rofnar. Ungt fólk í vestrænum nútímasamfélögum elst upp við það að trú, gildi og lífsstíll byggist ekki lengur á einni tiltekinni hugmyndafræði (Ziebertz, Kalbheim og Riegel, 2006), heldur er byggt á einstaklingsbundinni reynslu og huglægu mati fremur en ytri mælikvörðum sameiginlegrar menningarlegrar siðvenju. Þetta hefur áhrif á trúarlegan veruleika ungs fólks og gerir hann flókinn (Woodhead og Heelas, 2000). Rannsóknir á þessu sviði eru því mikilvægar til að auka skilning á aðstæðum og viðhorfum ungs fólks á tímum menningarlegs og trúarlegs margbreytileika og kanna jafnframt hvernig fjallað er um trúarbrögð í skólum.

Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar í nágrannalöndum á trúarbragðafraeðslu og viðhorfum ungs fólks til trúar og trúarlegs margbreytileika. Að mati Knauths og Körs (2011) benda niðurstöður stórrar evrópskrar rannsóknar (REDCo – Religion in Education: A Contribution to Dialogue or a Factor of Conflict in Transforming Societies of European Countries) til þess að viðhorf flestra nemenda í rannsókninni til trúarlegs margbreytileika og fjölhyggju séu jákvæð, svo og til umburðarlyndis í trúarlegum efnum. Jafnframt töldu flestir mikilvægt að fjallað væri um þessa þætti í skólanámskrám. Ungu fólkið, sem var úr ólíkum stéttum og af ólíkum trúar- og menningarlegum uppruna, virtist vera mjög meðvitað um aukið vægi trúarbragða í lífi þess og samfélagi. Ungmennin vildu auka þekkingu sína á trúarlegum þáttum og mismunandi trúarlegum hefðum af því að þau taka trúarbrögð alvarlega sem þátt í samskiptum og átökum og þau vilja jafnframt stuðla að friðsælli sambúð fólks af ólíkum uppruna. Veinguer, Lorente og Dietz (2011) benda á að niðurstöður REDCo-rannsóknarinnar kalli á nýjar aðferðir í trúarbragðafraeðslu sem hvetji til samræðna.

Rannsóknir á Norðurlöndum benda í sömu átt. Sjöborg (2013) nefnir að nýlegar rannsóknir sýni fram á að kennsla í trúarbragðafræði geti gegnt mikilvægu hlutverki við að efla þvermenningarlegan skilning (e. intercultural understanding) í mörgum löndum þar sem menningar- og trúarlegur fjölbreytileiki fer vaxandi. Út frá niðurstöðum rannsóknar sinnar með 1850 sænskum nemendum heldur hann því fram að til að auka þvermenningarlegan skilning þurfi að þróa kennslu í trúarbragðafræði þannig að hún nái betur til drengja, til nemenda sem eiga foreldra með litla menntun, nemenda í starfsnámi og nemenda sem ekki eru trúaðir. Skiptar skoðanir eru meðal fræðimanna um það hvað felist í þvermenningarlegri hæfni (e. intercultural competence) og skilningi (sjá t.d. Spitzberg og Changnon, 2009), en í stórum dráttum telja fræðimenn slíka hæfni snúast um það að geta átt virk samskipti á jafnréttisgrundvelli við fólk af mismunandi uppruna og með ólíkan trúarlegan bakgrunn. Hoskins og Sallah (2011) leggja áherslu á að það eigi ekki að vera eingöngu á ábyrgð einstaklinga að þróa með sér þvermenningarlegan skilning og hæfni, heldur ætti opinberum stofnunum í fjölmennningarlegum samfélögum að vera skylt að vinna gegn mismunun og fordómum með því að tryggja hæfni og þekkingu starfsmanna til að eiga virk samskipti við alla, óháð uppruna og trúarbrögðum.

Að mati Noddings (2005) er nauðsynlegt á tímum hnattvæðingar að virða og meta fjölbreytileika fólks. Hún bendir einnig á að umhyggja og réttlæti þurfi að fara saman og mikilvægt sé að ígrunda vel afleiðingar siðferðilegrar breytni til að koma í veg fyrir hvers konar mismunun (Noddings, 1999). Ýmsir fræðimenn hafa bent á nauðsyn þess að markvisst sé fjallað um fjölbreytileika og unnið gegn fordómum í skólum. Rannsóknir hafa sýnt að bæði nemendur og kennarar á mismunandi skólastigum upplifa fordóma í skólum (Arshad, Wrigley og Pratt, 2012; Hanna Ragnarsdóttir, 2008, 2010; Mirza og Meetoo, 2012). Markviss umræða um mannréttindi og félagslegt réttlæti í skólum er talin vera góð leið til að sporna gegn fordómum. Sen (2012) bendir á mikilvægi samræðu um mannréttindi í stað þess að vísað sé stöðugt til mannréttingayfirlýsinga. Roth (2015) heldur því fram að virðing fyrir mannréttindum sé forsenda fyrir friði og hnattrænu réttlæti, að jafnrétti og mannréttindi séu samofin og fræðsla um mannréttindi hjálpi til við að greina siðferðilega árekstra sem geti auðveldlega orðið í samfélagi fjölbreytileikans. Mitchell (2012) telur að kennarar þurfi að berjast fyrir félagslegu réttlæti í skólum í fjölmenningsamfélögum, m.a. með því að virða skoðanir allra, gefa öllum tækifæri til að tjá sig, ræða málin, leiðbeina nemendum við að leysa ágreining og þjálf þá í gagnrýninni hugsun. Arshad (2012) telur sömuleiðis að allir kennarar þurfi að taka á fordómum og rasisma í kennslu sinni. Hún heldur því fram að það sé algengur misskilningur að umræða um fordóma sé einkum mikilvæg í skólum þar sem nemendur úr minnihlutahópum stunda nám. Þvert á móti sé þörfin fyrir umfjöllun um fordóma jafnvel meiri í skólum þar sem nemendahópar eru einsleitari. Mirza og Meetoo (2012) leggja áherslu á fjölbreyttar aðferðir við að vinna gegn fordómum í skólum, svo sem fræðslu um fjölbreytileikann, virkar umræður nemenda og kennara og að unnið sé gegn fordómafullri hegðun nemenda og kennara.

## AÐFERÐ

Meginmarkmið rannsóknarinnar sem greinin er byggð á er að kanna lífsviðhorf og lífsgildi ungs fólks (18–24 ára) í íslensku samfélagi. Fræðileg umgjörð rannsóknarinnar er víð og byggð á þverfaglegri nálgun trúaruppeldisfræði, fjölmenningsfræði og uppeldisfræði. Aðferðir eru blandaðar, meginlegar og eigindlegar. Í greininni er einkum fjallað um nokkrar niðurstöður síðari hluta rannsóknarinnar þar sem gögnum var safnað í fimm rýnihópaviðtölum með alls 27 ungmennum, en með samanburði við niðurstöður úr fyrri hluta hennar. Fyrri hluti rannsóknarinnar var viðhorfakönnun sem lögð var fyrir ungt fólk í framhaldsskólum veturinn 2011–2012 (Gunnar Finnbogason, Gunnar J. Gunnarsson, Halla Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir, 2011; Gunnar J. Gunnarsson, 2012; Gunnar J. Gunnarsson og Gunnar Finnbogason, 2012; Hanna Ragnarsdóttir og Halla Jónsdóttir, 2013). Úrtakið var ungmenni (18–24 ára), alls 904 nemendur í sjö framhaldsskólum, þremur á höfuðborgarsvæðinu og fjórum utan þess. Konur voru 491 (54,3%) og karlar 413 (45,7%). Þegar tekið var saman hvernig þátttakendur tilgreindu trúfélagsaðild sögðust 65,8% tilheyra þjóðkirkjunni eða lúterskri kirkju, 7,9% sögðust tilheyra öðrum trúfélögum og 26,4% sögðust vera utan trúfélaga eða trúlaus. Leitast var við að ná til fjölbreytts hóps nemenda og ólíkra skóla þannig að úrtakið endurspegladi sem best ungt fólk í framhaldsskólum á Íslandi.

Síðari hluti rannsóknarinnar var eigindlegur og fólst í rýnihópaviðtölum við blandaða hópa ungs fólks (kvenna og karla af ólíkum uppruna) í fimm af þeim framhaldsskólum þar sem viðhorfakönnunin var lögð fyrir og fóru viðtölin fram á árunum 2013–2014. Skólarnir eru í tilvitnunum í viðtöl í niðurstöðukafla merktir F1, F2, F3, F4 og F5 og nemendur hvers skóla hafa einnig fengið númer. Viðtölin voru nokkuð mislöng, frá hálfri klukkustund til einnar og hálftrar klukkustundar, og fóru fram í skólunum. Rýnihópaviðtöl voru valin sem aðferð til að öðlast aukinn skilning á viðhorfum hópanna til tiltekinnar viðfangsefna og reynslu þeirra af þeim (Sóley S. Bender, 2013). Efni rýnihópaviðtalananna var mótað á grundvelli niðurstaðna viðhorfakönnunarinnar, þ.e. ákveðið var að biðja þátttakendur að ræða tiltekin viðfangsefni sem áhugavert þótti að fá frekari umræðu um. Eftirtaldir efnisþættir voru mótaðir og ræddir í rýnihópunum: Margbreytileiki í samfélaginu, lífsviðhorf og trúarbrögð, trúarleg iðkun, fjölskylda og vinir, skólinn, ótti, frelsi og mannréttindi og jafnrétti.

Þátttakendur í rýnihópaviðtölunum voru alls 27, 14 konur og 13 karlar. Flestir þátttakendur voru fæddir á Íslandi og áttu íslenska foreldra, en fimm voru af erlendum uppruna, fæddir erlendis og höfðu flutt til Íslands á grunnskólaaldri. Flest sögðust ungmennin tilheyra þjóðkirkjunni, þrjú, þar af tvö af erlendum uppruna, öðrum trúfélögum og fimm voru utan trúfélaga.

Siðareglum um menntarannsóknir hefur verið fylgt í rannsókn þeirri sem hér er fjallað um (Backman, Gardelli, Gardelli og Persson, 2012; Sigurður Kristinsson, 2013). Rannsóknin var skráð hjá Persónuvernd. Þátttakendur í rannsókninni voru upplýstir um tilgang hennar og samþykktu að taka þátt. Sótt var um leyfi til skólastjórnenda, þeir upplýstir um tilgang rannsóknarinnar og aðstoðuðu þeir við samskipti við nemendur. Rannsakendur gæta fyllsta trúnaðar við skóla og þátttakendur með því að gæta þess að upplýsingar séu aldrei rekjanlegar (Flick, 2006). Ekki þurfti að leita samþykkis foreldra þar sem allir þátt-

takendur höfðu náð 18 ára aldri. Í rýnihópaviðtölunum gættu rannsakendur þess að viðhorf þeirra sjálfra til þeirra mála sem rædd voru kæmu ekki fram.

## NIÐURSTÖÐUR

Hér verður fjallað um niðurstöður úr rýnihópaviðtölunum og þær bornar saman við nokkrar niðurstöður viðhorfakönnunarinnar. Umfjölluninni er skipt í fjóra undirkafla sem byggjast á nokkrum efnisþáttum sem lagt var upp með í viðtölunum og meginþráðum sem komu í ljós við greiningu gagnanna.

### Ólíkur uppruni, trúarbrögð og gildi

Þátttakendur í rýnihópunum ræddu um ólíkan uppruna, trúarbrögð og gildi, sín eigin og annarra. Fram kemur í ummælum þeirra að þeir voru almennt jákvæðir gagnvart vaxandi menningarlegum og trúarlegum fjölbreytileika og er það í samræmi við það sem kom fram í viðhorfakönnuninni, þar sem 88% töldu sjálfsagt að taka tillit til ólíkra hefða fólks eftir menningu og trú og yfir 60% töldu mikilvægt að fólk af ólíkum uppruna byggi á Íslandi. Sumir þátttakendur í rýnihópunum töldu vaxandi fjölbreytileika jafnvel nauðsynlegan:

Ég held að íslensku samfélagi veiti ekkert af meiri margbreytileika því að það er frekar einsleitt finnst manni, segi þá með þennan samanburð í huga við Þýskaland og England ég hef verið þar áður og ... (F2, nemandi 1)

Í sumum hópanna kom fram það sjónarmið að aukinn margbreytileiki gæti dregið úr fordómum og þröngsýni og einn viðmælandi taldi að líta ætti á svokallað fjölmennarlegt samfélag sem venjulegt ástand frekar en að gefa því eitthvert nafn. Þá kom fram í viðtölunum að viðmælandur virtust ekki velta mikið fyrir sér uppruna eða bakgrunni fólks:

Já, en samt er maður ekkert eitthvað, maður er ekkert að hugsa ... eitthvað, að þessi er útlendingur, skrýtið, maður er ekkert að spá í það sérstaklega hvað fólk er, sko. (F2, nemandi 2)

Þegar rætt var um vinalhópa þátttakenda kom í ljós að sumir þeirra áttu vini af ólíkum uppruna meðan aðrir sögðu vinalhóp sinn fremur einsleitan. Þetta er áhugavert í ljósi þess að 83% svarenda í viðhorfakönnuninni töldu það vera lærdómsríkt að eiga vini af ólíkum uppruna. Í einum hópanna komu jafnframt fram vissar áhyggjur af því að tungumálakunnátta gæti verið hindrun í samskiptum, t.d. í vinalhópi:

*Rannsakandi: Já, hvað með vinalhópinn, er hann blandaður þá hjá ykkur að ykkur finnst eða takið þið bara ekki eftir því hver er bakgrunnurinn?*

F1-1: Já, það er alveg svona.

F1-2: Hjá mér er þetta að mestu leyti skipt.

F1-3: Já, að mestu leyti, sko, en það blandast samt.

F1-2: Það blandast sko en það er líka, það er bara hversu vel tungumálhæfileikar ...

F1-1: Já, það sem að, það sem að getur staðið í veg fyrir að, fyrir svona blöndun er tungumál náttúrulega sem er náttúrulega ekkert skrýtið.

Hér er ekki ljóst hvort þau hafa í huga eigin tungumálakunnáttu eða annarra og jafnvel hvort þau hafa eitthvað velt fyrir sér ólíkri stöðu meiri- og minnihlutahópa í því sambandi.

Trúarbrögð og lífsviðhorf eru einn þáttur fjölbreytileikans. Töluvert var rætt um viðhorf til trúarbragða og trúarlega afstöðu í viðtölunum og ljóst var að viðmælendur höfðu áhuga á efninu. Í viðhorfakönnuninni kom fram að 81% var þeirrar skoðunar að það væri mikilvægt að vera sannfærður um lífsviðhorf sitt eða trú og lífa samkvæmt því. Viðtölin sýna að viðhorf þátttakenda eru ólík og þau endurspeglar því trúarlegan margbreytileika. Sumir virtust vera leitandi og vilja kynna sér ólík trúarbrögð og lífsviðhorf:

Já, ég er ... skráður í þjóðkirkjuna en skilgreini mig ekki sem kristinn en ég, hérna er búinn að vera að kynna mér, þú veist, ýmis trúarbrögð eins og við tölum um búddisma og austræna heimspeki og heillast af því, gæti samt ekki, ekki ennþá allavega, skilgreint mig sem búddista. (F2, nemandi 3)

Aðrir viðmælendur sögðu að trú eða trúarbrögð hefðu ekki mikil áhrif á daglegt líf þeirra þótt þau afneituðu ekki trúnni, meðan enn aðrir sögðust taka trú sína alvarlega. Sum ungmennin tóku fram að þau væru trúlaus þótt þau væru kannski mótuð af ráðandi trúarbrögðum í menningunni:

Allavega svona fyrir mitt leyti þá þæli ég ekkert mikið í, þú veist, ég þæli ekkert mikið í hvort að ég sé trúuð eða hvort að ég trúi á guð eða það, ég er skráð í þjóðkirkjuna og skírð og fermd en einhvern veginn ekki mikill hluti af mínu daglega lífi en svona út á við þá auðvitað bara á maður að virða alla og allir mega hafa sína skoðun og ég hef ekkert út á það að setja einhvern veginn, ég meina hver hefur bara sína trú og allt í góðu með það. (F2, nemandi 2)

Ég í rauninni þannig séð trú ekki á neitt trúarbragð en náttúrulega kannski meira sem kristinn af því ég er náttúrulega alinn upp sem það ... en ég þú veist er ekkert eitthvað að rata í kirkju svona sjálfviljugur þannig, ekki nema á fermingu. (F4, nemandi 2)

Almennt lögðu viðmælendur í hópunum áherslu á rétt fólks til að hafa ólíkar skoðanir og er það í samræmi við niðurstöður úr viðhorfakönnuninni.

Ungmennin voru spurð um viðhorf til trúar annarra, vina eða kunningja, og þau ræddu töluvert um samskipti vina og kunningja og tengsl trúarbragða og samskipta. Í einu rýni-hópaviðtali kom skýrt fram að ólík trúar- eða lífsviðhorf virðast ekki trufla samskipti í vinahópi:

Jú jú, ég meina, einn vinur minn er til dæmis alveg hard core trúleysingi og bara efahyggju-maður, annar er einlægur í trú sinni en þetta er alltaf aukaatriði, samt þegar maður er að umgangast þá, þú veist, þeir eru fyrst og fremst vinir manns sama hvaða skoðanir eða trú þeir hafa, þá er manni svona nokkurn veginn sama, sko. (F2, nemandi 1)

Já, þetta er einhvern veginn ... ekki svona hluti af svona daglegu lífi manns að vera að þæla í því, vó já, þessi er af einhverri annarri trú hann hlýtur að gera eitthvað annað þannig að þetta er bara svona ... kemur manni á óvart. (F2, nemandi 4)

Þetta er í samræmi við það sem kom fram í viðhorfakönnuninni en um 80% þátttakenda í henni töldu það ekki mikilvægt að vita hvorrar trúar vinir þeirra væru.



Af umræðunni um trú og trúarbrögð má ráða að viðhorfin hafi verið ólík um leið og áhugi á efninu hafi verið mikill þar sem þessi umræða var nokkuð ríkjandi í rýnihópaviðtölunum, en önnur atriði, svo sem ólík tungumál og menningu, bar síður á góma. Vissulega voru trú og trúarbrögð einn þeirra efnispátta sem teknir voru fyrir í viðtölunum, en þar var líka fjallað um aðra þætti margbreytileikans í samfélaginu.

## Mikilvægi trúar

Í niðurstöðum viðhorfakönnunarinnar kom fram að yfir 70% eru hvorki þeirrar skoðunar að trúarleg iðkun hafi mikla þýðingu fyrir þau né að trúarbrögð hafi haft mikil áhrif á viðhorf þeirra. Tæp 60% eru ósammála þeirri staðhæfingu að trúarbrögð séu mikilvæg í samfélaginu.

Í viðtölunum kom fram að mörg ungmennanna (frá einu og upp í fjögur í hverjum hópi) hefðu verið virk í kirkjulegu eða trúarlegu starfi, einkum sunnudagaskóla, þegar þau voru yngri, eða bæðu bænir á kvöldin:

Ég hef alltaf, þú veist, ég var rosalega trúuð á mínum yngri árum, ég er alveg alin upp í kristinni trú, þú veist, foreldrar mínir báðu með mér bænir á hverju einasta kvöldi alveg þangað til ég var, þú veist, ellefu ára eða eitthvað, ég man það ekki en þú veist, og þetta var bara svona, þetta var bara hluti af minni rúttínu að biðja bænirnar mínar á kvöldin og kíkja í messu á sunnudögum stundum og fara í kirkjuskólann þegar ég var lítil, þú veist, amma mín er trúuð og pabbi minn og allt svona þannig að ég er í raun alin upp með þessi sjónarmið í huga ... (F1, nemandi 3)

Þegar viðtölin voru tekin voru flest ungmennin aftur á móti ekki lengur virk í kirkjulegu eða trúarlegu starfi og hið trúarlega virðist ekki vera veigamikill þáttur í daglegu lífi þeirra. Samt sem áður voru mörg þeirra sammála því að trú væri mikilvæg. Dæmi um slíkt kom fram í einu rýnihópaviðtalanna. Einn þátttakandi sagði:

Trúin er þarna til staðar til að hafa eitthvað þarna sem að er bara svona nokkuð sameiginlegt hjá flestum og svo eru margir ... ég veit ekki, ég myndi ekki segja að ég sé alveg, bara heit-trúaður eða þannig en mjög gott að hafa þetta svona til staðar. (F2, nemandi 3)

Annað ungmenni nefndi mikilvægi bænarinnar, einkum þegar áföll yrðu:

Já, mér finnst gott að geta leitað til bæna eða, eins og í kringum missi, það hjálpar mér mikið og maður fer ennþá með Faðirvorið á kvöldin, það er kannski bara eitthvað sem maður er vanur síðan maður var lítill. (F2, nemandi 3)

Ein í viðmælendahópnum nefndi að vinkonur hennar leituðu til hennar þegar þær ættu erfitt, meðal annars vegna þess að þær viti að hún er trúuð:

Ég hef tekið eftir því þegar vinkonur mínar eiga erfitt, þá spyrja þær mig oft um tilgang lífsins því þær vita að ég er trúuð og þá gef ég þeim huggun eða eitthvað, þeim finnst það gott. (F5, nemandi 4)

Trúin virðist því skipta mörg þeirra máli þegar á reynir. Þar sem þau nefna mörg einhvers konar trúarlega uppeldismótun í æsku, annaðhvort á heimili eða í sunnudagaskólum, svo sem að fara með bænir, má draga þá ályktun að það hafi haft sín áhrif og að þeirra verði



vart þegar eitthvað bjátar á. Þá vekur líka athygli að einn viðmælandi sagði að þau væru á þeim aldri að þau væru ótengd við trúna, að það dytti einfaldlega út á vissu tímabili að fara í kirkju, en gæti svo byrjað aftur þegar þau yrðu eldri.

## Virðing fyrir ólíkum trúarbrögðum og hefðum

Í rýnihópaviðtölunum voru ungmennin almennt sammála um mikilvægi þess að virða ólíkar hefðir og trúarbrögð. Þetta er í samræmi við niðurstöður viðhorfakönnunarinnar. Yfir 60% þátttakenda í henni töldu að öll trúarbrögð ættu að fá að blómstra og töldu það ekki óheppilegt fyrir íslenskt samfélag að önnur trúarbrögð en kristni breiddust út. Rúmlega 75% töldu að fólk ætti að fá að klæðast eins og það vildi af trúarlegum ástæðum. Í rýnihópaviðtölunum kom skýrt fram að það væri sjálfsagt mál að taka tillit til þess að fólk hefði ólíkar skoðanir og að það væri ekki hægt að krefjast þess að þeir sem hingað flyttu skildu trú sína og hefðir eftir. Um leið var bent á að trúarvenjurnar yrðu að samræmast lögum í landinu.

Eftirfarandi samtal lýsir þessu:

F2-3: Já, mér finnst það bara alveg sjálfsagt, bara út af því að maður getur ekki sagt þeim svona hvað ... er rétt eða hvað er rangt eða eitthvað þannig, þetta er bara svona hvernig hverjum og einum líður og hvað þau vilja trúa á, þá getur maður ekki krafist þess að þau skilji sína trú eftir og það er bara mjög gott að geta boðið upp á aðstöðu þar sem allir geta fengið að leita til þeirra máttu sem þau vilja, bara svona þá leið sem þau vilja fara.

F2-5: Það er líka kannski bara alið upp við ... fólk er ekki vant öðru en, já, en það sem maður kynnist fyrst, maður fæðist raunverulega svolítið inn í þetta, held ég.

F2-2: Já, einmitt

F2-1: Það verður samt, held ég ... þú veist allir siðir sem þú tekur með þér til Íslands og allar trúarvenjur verða samt að samræmast lögum í því landi og lög þess lands eiga jafnframt að tryggja rétt þinn til þess að, þú veist, til að tilheyra því sem þú vilt, sko, þetta verður að vera svona samspil.

Gott dæmi um að það reyni á að virða ólík trúarbrögð og hefðir er umræðan um byggingu mosku á Íslandi. Hún hafði greinilega ekki farið fram hjá ungmennunum og sum tjáðu sig um það málefni:

F3-2: Það þarf bara að sýna umburðarlyndi og bara virkilega læra að sýna umburðarlyndi í samfélagi þar sem er svona rosalega mikið af mismunandi trúarfélögum.

F3-1: Það eru svo margir sem halda ... að þeir geti það og séu að gera það en eru alls ekki að því, en mér finnst ... allavega allt vera að lagast og verða betra og mér finnst ... að flestir séu jákvæðir ...

F3-2: Núna þegar það er verið að tala um, þessi moskuumræða er í gangi um það að það eigi ekki að leyfa mosku, mér finnst við bara vera að taka skref afturábak að leyfa það ekki, mér finnst það bara allt í lagi að að leyfa múslimum að vera ...

Af ummælum þátttakenda í rýnihópaviðtölunum má ráða að þeir séu almennt þeirrar skoðunar að virða beri ólíkar trúarskoðanir og hefðir og er það í samræmi við viðhorfakönnunina. Umræðan um byggingu mosku í Reykjavík hafði verið töluverð þegar viðtölin voru tekin og því ekki að undra að hana hafi borið á góma í viðtölunum. Áhugavert er

að sjá hve afstaða þeirra sem tjáðu sig um þetta í viðtölunum var jákvæð því umræðan í samfélaginu hafði verið frekar svarthvít. Þátttakendum í rýnihópunum fannst það vera skref aftur á bak að banna byggingu mosku og einn þeirra leitaðist við að setja sig í spor múslima og hugsa þetta út frá sjálfum sér, þ.e. með því að taka sem dæmi að múslimar væru hér í meirihluta og bannað yrði að byggja kirkjur.

## Jafnrétti, fordómar og samskipti

Niðurstöður viðhorfakönnunarinnar benda til þess að ungmennin velti jafnréttismálum fyrir sér, svo og fordómum í samfélaginu. Í könnuninni kom fram að 90% svarenda voru jákvæðir gagnvart því að taka tillit til menningar- og trúarlegra hefða. Niðurstöðurnar benda enn fremur til þess að 90% þátttakenda hafni rasisma. Hins vegar er rúmlega 31% svarenda sammála því að innflytjendur eigi að hafa minni rétt til atvinnu hér á landi en aðrir Íslendingar á tímum atvinnuleysis og rúmlega 65% eru sammála því að það sé sjálf-sagt mál að fólk með erlendan bakgrunn komist til valda í stjórnámálum.

Ungmennin sem tóku þátt í rýnihópaviðtölunum virtust vera meðvituð um fordóma og mikilvægi þess að vinna gegn fordómum í fjölmenningsamfélagi. Þótt ólíkur uppruni vina og kunningja truflaði þau ekki sáu þau dæmi um fordóma í samfélaginu:

Mér finnst samt svona miklir fordómar, þú veist, það eru fordómar, miklir fordómar í samfélaginu gagnvart svona, hvað á ég að segja, gagnvart svona ýmsum trúm eins og til dæmis, ég var að vinna í sumar, þá var ég að vinna svona úti á götu, svona var að tala við fólk og, þá var, ég var að vinna hjá Amnesty og við vorum að safna undirskriftum og þá fékk ég rosalega mikið, sem sagt var að tala við fólk, og þá kom eitthvað já, oh múslimar, þú veist, komu alltaf með þetta, hamrað á því einhvern veginn af því að, þú veist, það er alltaf þessi umræða í fréttum og hún er svona svolítið neikvæð einhvern veginn. (F2, nemandi 2)

Jafnrétti bar oft á góma í viðtölunum, stundum í tengslum við umræðu um fordómama. Mörg ungmennanna töldu að fordómar færu minnkandi með nýjum kynslóðum um leið og skilningur og umburðarlyndi gagnvart fjölbreytileikanum ykist. Þetta samtal er eitt dæmi um slíka umræðu:

F2-2: Einmitt, ég held líka svona með jafnrétti bara í samfélaginu, þá í víðara samhengi, ég held það sé ... því miður ... mikið af fordómum þá gagnvart svona trúarhópum en ... ég held það sé á undanhaldi, þú veist, fyrir 15 árum þá var kannski svona opinskárri með þetta skilurðu ... af hverju eru þeir svona, þeir eru öðruvísi en við svona, og svo núna kannski, fólk ... hugsar þetta en kannski ... er ekkert mikið að auglýsa þetta ... Það svona sér ... bíddu þessi þarna, hann er nú svolítið öðruvísi en er ekkert mikið að segja það, skilurðu, af því að það veit að það er ekki rétt að hafa ... þú veist þú átt ekki að hafa fordóma og ég held svona að þetta sé á undanhaldi og með nýjum kynslóðum þá er þetta alltaf, þetta er alltaf að minnka og minnka.

F2-1: Þetta er svona ákveðin trú á manninn.

F2-2: Já.

F2-5: Já, einmitt.

Í þessu samtali má sjá merki um greinarmun á augljósum og duldum fordómum og hvernig ýjað er að því að það viðhorf að maður eigi ekki að opinbera fordóma leiði til þess að fólk fari frekar í felur með þá.

Ungmennin ræddu mörg um leiðir til að bæta samskipti í fjölmenningsarsamfélagi. Í einum hópanna var lögð áhersla á að setja sig í spor annarra og það síðan tengt við gullnu regluna:

F3-1: Það er að geta sett sig algjörlega í spor hinna og fá augun lánuð frá hinum.

F3-3: Bara vera opinn fyrir einhverju öðru.

F3-2: Og þetta eru bara gullnu reglurnar í kristinfræði, komdu fram við aðra eins og þú vilt að komið sé fram við þig, sýndu öðrum umburðarlyndi og þá sýna þeir þér umburðarlyndi.

Viðmælendur í rýnihópnum voru almennt á þeirri skoðun að mikilvægt væri að standa vörð um mannréttindi og frelsi fólks. Einn viðmælendi taldi að þetta væri svo sjálfsagt að það ætti ekki einu sinni að þurfa að berjast sérstaklega fyrir því:

F1-4: Mér finnst að þetta eigi bara að vera sjálfsagt, mér finnst að maður eigi ekki að þurfa að leggja neitt á sig til þess að, þú veist, til að standa vörð um hana, jú, en mér finnst þetta eigi bara að vera ...

F1-3: Það er náttúrulega, mannréttindi eru ekki góð alls staðar í heiminum.

F1-4: Nei, eins og á Íslandi þá erum við, ég myndi segja að við værum nokkuð örugg, sko, að flestu leyti, það er auðvitað hlutir sem við þurfum að vinna í ...

Viðmælendur átta sig vel á því að mannréttindi eru ekki í lagi alls staðar í heiminum. Athygli vekur að þeir telja ástandið nokkuð gott hér á landi, þótt vinna þurfi í einhverjum málum. Það vekur spurningar um hversu vel þeir geri sér grein fyrir mismunun sem á sér stað í íslensku samfélagi og hvort þeirra eigin staða geri þá t.d. blinda á stöðu minnihlutahópa.

Í viðhorfakönnuninni kom fram að 91% var sammála því að jafnrétti meðal manna væri mikilvægt baráttumál nú á tímum og jafnframt var meirihlutinn eða 71% tilbúinn að leggja mikið á sig til að standa vörð um frelsi og mannréttindi. Í rýnihópnum var rætt nokkuð um þetta og það að standa við og berjast fyrir því sem er rétt. Almennt virtust viðmælendur vera tilbúnir til þess en sumir settu þó vissa fyrirvara, t.d. um að vera ekki „agressíf“:

Mér finnst mikilvægt að fólk standi fyrir það sem þau halda að sé rétt og hérna berjast fyrir það, ekki endilega þá að vera mjög aggressíf ... heldur allaveganna reyna, þú veist, reyna að fá það rétta. (F5, nemandi 4)

Þegar talið barst að því hvort þau væru tilbúin að berjast fyrir því að rétta hlut einhvers sem væri beittur misrétti var afstaðan eindregin:

F1-1: Ef það væri, sko án efa ef það er ekkert vafamál að þetta sé misrétti þá náttúrulega.

F1-3: Já algjörlega, það er svona, ég myndi alveg standa með manneskju ef að það væri eitthvað verið að beita hana misrétti og alveg svona, já, áberandi að það sé misrétti, ekkert vafamál.

F1-1: Það er náttúrulega svolítið mikið af því í heiminum í dag og það er ekkert verið að gera í því eða, þú veist, það er verið að reyna að gera eitthvað í því, það bara virkar ekki hvað sem það er, það er ótrúlega sorglegt að hugsa um það að, þú veist, þetta eru menn sem eru að gera þetta.

F1-3: Já þetta er bara fólk.

F1-1: Þetta er allt við, fólk eins og við.

Þrátt fyrir þetta vekur athygli að í viðhorfakönnuninni telur tæpur þriðjungur svarenda að innflytjendur eigi að hafa minni rétt til vinnu hér á landi en aðrir Íslendingar á tímum atvinnuleysis. Þetta vekur spurningar um það hversu langt viljinn til að berjast gegn misrétti nær þegar á reynir. Í sumum rýnihópum kom t.d. fram að viðmælendur töldu líklegra að þeir væru tilbúnir að grípa til aðgerða ef einstaklingurinn eða málefnið stæði þeim nærri:

F2-3: Nei, það er svona einhvern veginn ef að hlutirnir eru svona nálægt manni þá reynir maður að gera bara eins mikið og maður getur bara, ... ef þetta eru svona almenn mótmæli, það er kannski bara að gerast úti í heimi, þá svona, jú maður styður þetta alveg en maður er kannski ekki alveg að setja allt hjartað sitt í það.

F2-2: Einhvern veginn ef það stendur þér nærri þá frekar svona.

Af ummælum unga fólksins sem tók þátt í viðtölunum má ráða að það taldi mannréttindi og frelsi mikilvægt og virtist vera tilbúið að berjast fyrir því. Sum ungmennin virðast þó skilyrða það við eitthvað sem þeim fyndist standa þeim nærri. Í því sambandi má minna á að í viðhorfakönnuninni kom m.a. fram að tæpur þriðjungur svarenda taldi að innflytjendur ættu að hafa minni rétt til atvinnu hér á landi en aðrir Íslendingar á tímum atvinnuleysis. Þátttakendur í rýnihópaviðtölunum voru bjartsýnir á að fordómar færu minnkandi með yngri kynslóðum um leið og þeir gerðu því skóna að það almenna viðhorf að fólk eigi ekki að vera með fordóma leiði jafnvel til þess að frekar sé reynt að dylja þá. Engu að síður lagði unga fólkið í rýnihópunum ríka áherslu á gagnkvæma virðingu og umburðarlyndi og mikilvægi þess að geta sett sig í spor annarra.

## UMRÆÐUR OG LOKAORÐ

Hér að framan hefur verið fjallað um viðhorf ungmenna á Íslandi til fjölmeningarsamfélagsins, fjölbreytileika í uppruna og trúarbrögðum fólks, svo og viðhorf til jafnréttis, frelsis og mannréttinda. Í umræðunni verða skoðaðir nánar áhugaverðir þættir sem fram komu varðandi samskipti og skilning á þeim sem eru annarrar trúar, umburðarlyndi og sýn á frelsi og jafnrétti.

Viðhorf unga fólksins í rannsókninni endurspeglar almennt jákvætt viðhorf til fjölbreytileikans og fjölmeningarsamfélagsins. Í viðtölunum kemur fram að þátttakendur gera sér nokkra grein fyrir fjölbreytileika trúarbragða, þrátt fyrir takmarkaða þekkingu á innihaldi þeirra. Greina má að þeir telji trú og lífsskoðanir vera einkamál einstaklingsins sem komi t.d. vinum ekki við, og því séu þau ekki mjög forvitin um eða velti fyrir sér trúarbrögðum annarra. Er þær niðurstöður í samræmi við rannsóknir Sjöborg (2013), bæði hvað varðar það að trú sé einkamál, jákvætt viðhorf til ólíkra trúarbragða og takmarkaða þekkingu á öðrum trúarbrögðum en sínum eigin. Þá kemur það fram í rannsókninni að við persónulega erfiða reynslu virðist trúin verða sumum þeirra mikilvæg og að trúariðkun tilheyrir persónulegum venjum sumra þeirra.

Það viðhorf kemur skýrt fram að unga fólkið er ekki upptekið af því að vinir eða kunningjar hafi ólíkan bakgrunn, tilheyrir ólíkum trúarbrögðum eða séu trúlausir. Sú

félagslega spenna sem Cummins (2009) talar um að vaxandi fjölbreytileiki geti valdið virðist því ekki eiga við um samskiptin í vinahópi þátttakenda í viðtölunum, þótt sumir þeirra viðurkenni að tungumálakunnátta geti haft áhrif á samskiptin. Í umræðunni um trúarbrögð leggja þeir áherslu á að varasamt sé að mismuna trúarbrögðum í landinu, þar þurfi allir að sitja við sama borð. Það samræmist áherslu Habermas (2004, 2008) á það að trúarlegt umburðarlyndi geti stuðlað að jafnrétti ólíkra menningar- og trúarlegra hópa í lýðræðisríkjum. Þessar niðurstöður eru einnig í samræmi við kenningar Ziebertz o.fl. (2006) um að unga fólk hafi bæði alist upp við og kynnst í eigin umhverfi fjölbreyttum hugmyndum um trú og lífsgildi. Það styður þá kenningu Cusack (2011) að trúarleg mótun hafi tekið miklum breytingum undanfarna áratugi. Ungmennin hafa alist upp við breyttar aðstæður þar sem einsleitni fyrri tíma í trúarefnum fer hverfandi en trúarleg félagsmótun þeirra einkennist þess í stað af fjölbreytileika. Þetta unga fólk getur því orðið leiðandi í menningarlegum og félagslegum breytingum, eins og Collins-Mayo (2010) hefur talað um. Það vekur einmitt athygli í viðtölunum hvað sumt af unga fólkinu er bjartsýnt fyrir hönd sinnar kynslóðar á að fordómar fari minnkandi. Þetta er í samræmi við rannsóknir í nágrannalöndunum, t.d. REDCo-rannsóknina (Bertram-Troost o.fl., 2008).

Þrátt fyrir þetta könnuðust viðmælendur í rýnihópaviðtölunum við fordóma, m.a í tengslum við umræður um mosku hér á landi. Vernell (2012) bendir einmitt á að umræða um innflytjendur í fjölmenningsamfélögum undanfarin ár hafi gjarnan tengst trúarbrögðum og að slíkri umræðu hafi oft fylgt fordómafullar staðhæfingar. Fræðsla um trúarbrögð og trúarhefðir sé því mikilvæg. Knauth og Körs (2011), sem áttu aðild að REDCo-rannsókninni, benda á að viðhorf flestra nemenda í rannsókninni séu hliðholl trúarbrögðum og fjölhyggju. Ungu fólk í rannsókninni virtist átta sig nokkuð vel á því að trúarbrögð geti haft þýðingu í lífi þess og samfélagi. Það vildi því auka þekkingu sína á trúarlegum efnum og ólíkum trúarlegum hefðum. Niðurstöður REDCo-rannsóknarinnar (Knauth og Körs, 2011) og rannsóknar Sjöborgs (2013) í Svíþjóð benda til þess að kennsla í trúarbragðafræðum sé árangursrík leið til að vinna gegn trúarlegum fordómum og til að auka skilning og umburðarlyndi milli einstaklinga sem eru ólíkrar trúar og með ólíkan menningarbakgrunn. Þetta styður þá áherslu sem Sen (2012) leggur á mikilvægi samræðna í skólastarfi um mannréttindi í samfélagi fjölbreytileikans. Ekki nægi að vísa í ákvæði mannréttindayfirlýsinga heldur þurfi að ræða efnislega um einstök ákvæði þeirra.

Ungu fólk sem þátt tók í rannsókninni hafði skýrar skoðanir á þeim þætti mannréttinda sem snýr að frelsi og jafnrétti. Ljóst er af ummælum þess að í raun ættu þetta að vera sjálfsagðir hlutir en veruleikinn sé þó annar. Þau virtust almennt vera tilbúin til að berjast fyrir jafnrétti og frelsi fólks og því sem þau telja rétt. Þó kom í ljós í sumum hópanna að það skipti máli hvort þeim fyndist málefnið eða einstaklingarnir standa sér nærri. Það áréttar mikilvægi markvissrar umræðu um mannréttindi og félagslegt réttlæti í skólum, eins og Sen (2012) og Roth (2015) benda á. Ef unga fólk er upptekið af því að málefni og einstaklingarnir þurfi að standa því nærri getur skoðun Mitchells (2012) vel átt við, en hún telur að kennarar þurfi að berjast fyrir félagslegu réttlæti í skólum í fjölmenningsamfélögum, sem meðal annars felist í því að virða skoðanir allra, gefa öllum tækifæri til að tjá sig, leiðbeina nemendum við að leysa ágreining og þjálf þá í gagnrýninni hugsun. Það tengist jafnframt vel áherslu ungmennanna á gagnkvæmt umburðarlyndi. Í því sambandi vísuðu þau meðal annars til gullnu reglunnar. Þar birtist skilningur á því

hvernig gagnkvæmnisregla á borð við gullnu regluna krefst þess að maður setji sig í spor annarra. Í þessu sambandi má benda á að Roth (2012) telur að mannréttindi séu fólgin í því að vera meðvitaður um margbreytilegar þarfir og aðstæður fólks og læra þannig hvað það sé að vera manneskja og læra um leið að virða aðra í daglegu lífi. Markmið mannréttindafræðslu sé því að varpa ljósi á alvarleg siðferðileg vandamál sem geti skapast í fjölmennarlegum samfélögum. Sen (2012) telur að slík menntun eigi að beinast að því að skýra út hvers vegna öll mismunun og takmarkað umburðarlyndi gagnvart jaðarhópum sé siðferðilega rangt.

Niðurstöður þær sem hér er fjallað um vekja áleitnar spurningar og þörf er á áframhaldandi rannsóknnum. Merkir jákvætt viðhorf unga fólksins sem hér hefur verið vísað til örugglega að rödd allra fái að heyrast betur en áður (Banks, 2013; Hanna Ragnarsdóttir, 2008, 2010) í íslensku samfélagi? Er umburðarlyndi og skilningur vaxandi í samfélaginu hjá nýrri kynslóð, svo og virðing, frelsi og jafnrétti? Er hægt að styðja þá jákvæðu þróun í viðhorfum og sýn sem hér má greina hjá ungu fólki með því að auka trúarbragðafræðslu og samræðu meðal framhaldsskólanema og stuðla þannig að auknum skilningi og umburðarlyndi? Það verður áhugavert að fylgjast með þróun samfélags og viðhorfa á Íslandi á næstu árum og gera nýjar rannsóknir til að fylgjast með því hverju hin nýja sýn og skilningur nýrra kynslóða skilar.

## HEIMILDIR

- Arshad, R. (2012). The twenty-first century teacher needs to engage with race and racism. Í R. Arshad, T. Wrigley og L. Pratt (ritstjórar), *Social justice re-examined: Dilemmas and solutions for the classroom teacher* (bls. 193–207). Stoke on Trent: Trentham.
- Arshad, R., Wrigley, T. og Pratt, L. (ritstjórar). (2012). *Social justice re-examined: Dilemmas and solutions for the classroom teacher*. Stoke on Trent: Trentham.
- Backman, Y., Gardelli, T., Gardelli, V. og Persson, A. (2012). *Vetenskapliga tankeverktyg til grund för akademiska studier*. Lund: Studentlitteratur.
- Banks, J. A. (2013). Multicultural education: Characteristics and goals. Í J. A. Banks og C. A. M. Banks (ritstjórar), *Multicultural education: Issues and perspectives* (8. útgáfa, bls. 3–23). New York: Wiley.
- Bertram-Troost, G., Ipgrave, J., Jozsa, D.-P. og Knauth, T. (2008). Encountering religious pluralism in school and society: A qualitative study of teenage perspectives in Europe: Background and contextualisation. Í T. Knauth, D.-P. Jozsa, G. Bertram-Troost og J. Ipgrave (ritstjórar), *Encountering religious pluralism in school and society: A qualitative study of teenage perspectives in Europe* (bls. 11–20). Religious diversity and education in Europe, 5. b. Münster: Waxmann.
- Castles, S. og Miller, M. J. (2009). *The age of migration: International population movements in the modern world* (4. útgáfa). New York: Guilford Press.
- Collins-Mayo, S. (2010). Introduction. Í S. Collins-Mayo og P. Dandelion (ritstjórar), *Religion and youth* (bls. 1–6). Farnham: Ashgate.

- Cummins, J. (2009). Challenges and opportunities in the schooling of migrant students. In B-K. Ringen og O. K. Kjörven (ritstjórar), *Teacher diversity in diverse schools: Challenges and opportunities for teacher education* (bls. 53–69). Vallset: Oplandske Bokforlag.
- Cusack, C. M. (2011). Some recent trends in the study of religion and youth. *Journal of Religious History*, 35(3), 409–418. doi:10.1111/j.1467-9809.2011.01078.x
- Dewey, J. (1916/1966). *Democracy and education*. New York: Free Press.
- Dolby, N. og Rizvi, F. (ritstjórar). (2008). *Youth moves: Identities and education in global perspective*. New York: Routledge.
- Elliott, A. og Urry, J. (2010). *Mobile lives*. London: Routledge.
- Flick, U. (2006). *An introduction to qualitative research* (3. útgáfa). London: Sage.
- Guðbjörg Vilhjálmstöttir. (2008). Habitus íslenskra ungmenna á aldrinum 19–22 ára. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum IX : Erindi flutt á ráðstefnu í október 2008* (bls. 195–205). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Gunnar Finnbogason og Gunnar J. Gunnarsson (2006). Trú og gildi í lífstúlkun unglínga. Nokkrar niðurstöður úr rannsókn á lífsviðhorfi og gildismati íslenskra unglínga. *Ritröð Guðfræðistofnunar*, 23(2), 43–69.
- Gunnar Finnbogason, Gunnar J. Gunnarsson, Halla Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir. (2011). Lífsviðhorf og gildi: Viðhorfakönnun meðal ungs fólks í framhaldsskóla á Íslandi. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/009.pdf>
- Gunnar J. Gunnarsson. (2008). *“I don’t believe the meaning of life is all that profound”: A study of Icelandic teenagers’ life interpretation and values*. Doktorsritgerð: Háskólinn í Stokkhólmi.
- Gunnar J. Gunnarsson. (2009). Life interpretation and religion among Icelandic teenagers. *British Journal of Religious Education*, 31(1), 3–15. doi:10.1080/01416200802559924
- Gunnar J. Gunnarsson. (2012). Ungt fólk og trúarbrögð: Rannsókn á lífsviðhorfum og gildismati framhaldsskólanema. *Ritröð Guðfræðistofnunar*, 34(1), 50–76.
- Gunnar J. Gunnarsson og Gunnar Finnbogason. (2012). Margbreytileiki og samstaða: Niðurstöður úr rannsókn á viðhorfum og gildismati framhaldsskólanema. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2012*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2012/007.pdf>
- Habermas, J. (2004). Religious tolerance: The pacemaker for cultural rights. *Philosophy*, 79(307), 5–18. <http://dx.doi.org/10.1017/S0031819104000026>
- Habermas, J. (2008). *Between naturalism and religion: Philosophical essays*. Cambridge: Polity Press.
- Hagstofa Íslands. (2015a). *Mannfjöldi: Erlendir ríkisborgarar 1950-2015*. Sótt af [http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar\\_\\_mannfjoldi\\_\\_3\\_bakgrunnur\\_\\_Rikisfang/MAN04001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=a5f38573-e092-4802-935d-e6ad9bc3c05a](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__3_bakgrunnur__Rikisfang/MAN04001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=a5f38573-e092-4802-935d-e6ad9bc3c05a)
- Hagstofa Íslands. (2015b). *Mannfjöldi eftir trú og lífsskoðunarfélögum 1998–2015*. Sótt af [http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag\\_\\_menning\\_\\_5\\_trufelag/MAN10001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=ee2b9d52-eef9-4eba-9430-caf35f48841b](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__menning__5_trufelag/MAN10001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=ee2b9d52-eef9-4eba-9430-caf35f48841b)



- Hanna Ragnarsdóttir. (2007). Fjölmenningarfræði. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstjórar), *Fjölmenning á Íslandi* (bls. 17–40). Reykjavík: Rannsóknastofa í fjölmenningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.
- Hanna Ragnarsdóttir. (2008). *Collisions and continuities: Ten immigrant families and their children in Icelandic society and schools*. Saarbrücken: VDM.
- Hanna Ragnarsdóttir. (2010). Internationally educated teachers and student teachers in Iceland: Two qualitative studies. *Canadian Journal of Educational Administration and Policy*, 100. Sótt af <http://www.umanitoba.ca/publications/cjeap/articles/iet-toc.html>
- Hanna Ragnarsdóttir. (2011). Líf og störf ungra innflytjenda: Reynsla ungmenna af tíu ára búsetu á Íslandi. *Uppeldi og menntun*, 20(2), 53–70.
- Hanna Ragnarsdóttir og Halla Jónsdóttir. (2013). Samskipti ungs fólks í fjölmenningarsamfélagi. *Tímarit um menntarannsóknir*, 10(1), 104–122.
- Hoskins, B. og Sallah, M. (2011). Developing intercultural competence in Europe: The challenges. *Language and Intercultural Communication*, 11(2), 113–125. doi:10.1080/14708477.2011.556739
- Jackson, R. og Fujiwara S. (2008). Towards religious education for peace. Í R. Jackson, og S. Fujiwara (ritstjórar), *Peace education and religious plurality: International perspectives* (bls. vi–xix). London: Routledge.
- Knauth, T. og Körs, A. (2011). The ‘contextual setting approach’: a contribution to understanding how young people view and experience religion and education in Europe. *British Journal of Religious Education*, 33(2), 209–223. <https://doi.org/10.1080/01416200.2011.543604>
- MacDonald, A. (2012). Religion and belief: Dilemmas and possibilities. Í R. Arshad, T. Wrigley og L. Pratt (ritstjórar), *Social justice re-examined: Dilemmas and solutions for the classroom teacher* (bls. 129–144). Stoke on Trent: Trentham.
- May, S. og Sleeter, C. E. (ritstjórar). (2010). *Critical multiculturalism: Theory and praxis*. New York: Routledge.
- Mirza, H. S. og Meeto, V. (2012). *Respecting difference: Race, faith and culture for teacher educators*. London: University of London, Institute of Education.
- Mitchell, L. (2012). Individual teachers making a difference in the classroom and the school. Í R. Arshad, T. Wrigley og L. Pratt (ritstjórar), *Social justice re-examined: Dilemmas and solutions for the classroom teacher* (bls. 19–31). Stoke on Trent: Trentham.
- Nieto, S. (2010). *The light in their eyes: Creating multicultural learning communities* (10 ára afmælisútgáfa). New York: Teachers College Press.
- Noddings, N. (1999). Care, justice and equity. Í M. S. Katz, N. Noddings og K. A. Strike (ritstjórar), *Justice and caring: The search for common ground in education* (bls. 7–20). New York: Teachers College Press.
- Noddings, N. (2005). Global citizenship: Promises and problems. Í N. Noddings (ritstjóri), *Educating citizens for global awareness* (bls. 1–21). New York: Teachers College Press.
- Ólafur Páll Jónsson. (2011). *Lýðræði, réttlæti og menntun: Hugleiðingar um skilyrði mennskunnar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Parekh, B. (2006). *Rethinking multiculturalism: Cultural diversity and political theory* (2. útgáfa). Basingstoke: Palgrave Macmillan.

- Pétur Björgvin Þorsteinsson (2009). *Samtal við framandi: Af hugmyndum tvítugra Íslendinga um fjöltrúarlegar aðstæður*. Hjalli, Reykjadal: Lífsmótun.
- Roth, H. I. (2015). Det sena genombrottet för mänskliga rättighetsutbildning. *Utbildning & Demokrati*, 24(1), 29–49.
- Sannerstedt, A. (2013). Skånska attityder till flyktingar och mångkulturism. Í J. Ohlsson og A. Bergström (ritstjórar), *Vanor och attityder i förändring: Samhälle, opinion och medier i Skåne* (bls. 75–91). Gautaborg: Göteborgs universitet, SOM-institutet.
- Sen, A. (2012). The global reach of human rights. *Journal of Applied Philosophy*, 29(2), 91–100. <https://doi.org/10.1111/j.1468-5930.2012.00555.x>
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja: Ákall 21. aldar*. Heimskringla, háskólaforlag Máls og menningar.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2006). Fjölskyldubreytingar, lífsgildi og viðhorf ungs fólks. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VII: Erindi flutt á ráðstefnu í október 2006* (bls. 211–224). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Sigurður Kristinnsson. (2013). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 71–88). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sjöborg, A. (2013). Religious education and intercultural understanding: Examining the role of religiosity for upper secondary students' attitudes towards RE. *British Journal of Religious Education*, 35(1), 36–54. <https://doi.org/10.1080/01416200.2012.717015>
- Sóley S. Bender. (2013). Samræður í rýnihópum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 299–312). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Spitzberg, B. H. og Changnon, G. (2009). Conceptualizing intercultural competence. Í D. K. Deardorff (ritstjóri), *The SAGE handbook of intercultural competence* (bls. 2–52). Thousand Oaks: Sage.
- Veinguer, A. Á., Lorente, F. J. R. og Dietz, G. (2011). Under the shadow of Al-Andalus? Spanish teenagers' attitudes and experiences with religious diversity at school. *British Journal of Religious Education*, 33(2), 143–158. <https://doi.org/10.1080/01416200.2011.543595>
- Vernell, P. (2012). Challenging Islamophobia: A whole-school approach. Í R. Arshad, T. Wrigley og L. Pratt (ritstjórar), *Social justice re-examined: Dilemmas and solutions for the classroom teacher* (bls. 113–128). Stoke on Trent: Trentham.
- Walzer, M. (1997). *On toleration*. New Haven: Yale University Press.
- Weisse, W. (2010). REDCo: A European research project on religion in education. *Religion and Education*, 37(3), 187–202. <https://doi.org/10.1080/15507394.2010.513937>
- Woodhead, L. og Heelas, P. (ritstjórar). (2000). *Religion in modern times: An interpretive anthology*. Oxford, Blackwell.
- Ziebertz, H.-G., Kalbheim, B. og Riegel, U. (2006). A typology of religious attitudes among young people in Germany. *Journal of Beliefs and Values*, 27(2), 203–214. <http://dx.doi.org/10.1080/13617670600849945>
- Þóroddur Bjarnason. (2006). Aðstæður íslenskra skólanema af erlendum uppruna. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VII: Erindi flutt á ráðstefnu í október 2006* (bls. 391–400). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Greinin barst tímaritinu 23. mars 2016 og var samþykkt til birtingar 29. september 2016

## UM HÖFUNDANA

Hanna Ragnarsdóttir (hannar@hi.is) er prófessor í fjölmenningarfræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk M.Sc.-prófi í mannfræði frá London School of Economics and Political Science árið 1986 og Dr.philos.-prófi í menntunarfræði frá Háskólanum í Osló árið 2007. Rannsóknir hennar hafa einkum snúist um börn og full-orðna af erlendum uppruna í íslensku samfélagi og skólum og ýmsa þætti fjölmenningarlegs skólstarfs.

Gunnar J. Gunnarsson (gunnarjg@hi.is) er prófessor í trúarbragðafræði og trúarbragðakennslu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hann lauk prófi í guðfræði frá Háskóla Íslands árið 1978 og doktorsprófi frá Stokkhólmsháskóla 2011. Í rannsóknum hefur megináherslan verið á trúarbragðafræðslu í fjölmenningsamfélagi og á lífsviðhorf og gildismat ungs fólks.

Gunnar E. Finnbogason (gef@hi.is) er prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hann lauk M.Sc.-prófi í uppeldis- og menntunarfræðum frá Háskólanum í Uppsölum í Svíþjóð árið 1984 og doktorsprófi frá sama skóla árið 1995. Rannsóknir hans hafa aðallega tengst menntapólitík/menntastefnum, hugmyndafræði menntunar, námskráfræðum, gildum/miðlun gilda, réttindum barna og Barnasáttmálanum.

Halla Jónsdóttir (halla@hi.is) er aðjúnt og starfar við kennaradeild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Hún er með meistara- og licentiatgráðu í hugmynda- og vísindasögu frá Uppsalaháskóla. Hún hefur rúmlega 20 ára reynslu af kennslu í grunnskóla og framhaldsskóla auk starfa við námsefnisgerð og námskrárvinnu. Rannsóknir hennar eru á sviði kennslufræði, fagmennsku, kennaramenntunar, fjölmenningar, lýðræðis, lífsleikni og siðfræði í skólstarfi.

## Young adults' views on cultural and religious diversity in a multicultural society in Iceland

### ABSTRACT

Democratic changes in modern societies towards growing diversity affect the lives of young people. The number of non-Icelandic citizens in Icelandic society has grown rapidly in recent decades (Hagstofa Íslands, 2015a) and religious diversity has simultaneously increased (Hagstofa Íslands, 2015b). The aim of the four year (2011–2014) research project is to explore the life values and attitudes to life of young adults (age 18–24) in a multicultural society in Iceland. Methodological approaches were both quantitative and

qualitative. The first part of the research was a survey conducted with students in seven upper secondary schools in the Reykjavík area and other districts of Iceland in 2011 and 2012. Findings from the survey provided the basis for focus group interviews in 2013 and 2014 with mixed groups of students in five of the same schools. The article mainly reports on the findings from the focus group interviews. The aim of the article is to examine young adults' attitudes towards ethnic and religious diversity, religious practice, equity, freedom and human rights in a multicultural society in Iceland.

The research project is located within a broad theoretical framework and uses interdisciplinary approaches of religious education, multicultural studies and pedagogy. Cummins (2009) discusses how increased mobility of people between countries and growing diversity within countries creates social tensions, as societies find themselves dislodged from their national identity comfort zone. Parekh (2006) has emphasized that in order to ensure equality of their members, multicultural societies need to find ways to encourage individuals to participate actively. Habermas (2004, 2008) has referred to religious tolerance as the peacemaker for multiculturalism, and for the equal coexistence of different cultural forms of life within a democratic polity. Authors have emphasized that religious education can play an important role in teaching about intercultural understanding (Jackson & Fujiwara, 2008; Sjöborg, 2013) Furthermore, strategic discussions and diverse teaching methods in schools about human rights and social justice have been emphasized as measures to counteract prejudice (Arshad, 2012; Mitchell, 2012; Mirza & Meetoo, 2012; Roth, 2015; Sen, 2012).

While giving a brief overview of findings from the survey, the paper focuses on conclusions from the focus group interviews related to diversity, religions, equity, freedom and human rights.

The findings indicate that the participants generally have positive attitudes towards ethnic and religious diversity, describing these as essential aspects of the multicultural society which do not stand in the way of their daily communication and friendships. These findings are similar to those of the REDCo (Religion in Education: A Contribution to Dialogue or a Factor of Conflict in Transforming Societies of European Countries) research in Europe (Knauth & Körs, 2011) where most young people were positive towards religious diversity and pluralism.

The young people who participated in the project have grown up in a society with increasing ethnic, cultural and religious diversity in Iceland, and they seem to have learned that the values, beliefs and lifestyles available to them are no longer based on a single ideology, as Ziebertz, Kalbheim, & Riegel (2006) and Cusack (2011) talk about. The participants considered religion and life views to be private issues and claimed they did not think much about other people's religion. With regard to their personal experiences, religion seemed to be important to them in times of difficulties.

A discussion on equity and human rights was quite common in the interviews, often in relation to the topic of prejudice. Many of the participants thought that prejudice was decreasing with new generations, at the same time as understanding and tolerance for diversity was growing. The participants generally found it important to protect human rights and freedom. They expressed their willingness to fight for human rights and

freedom, particularly in venues close to them. The participants emphasized mutual respect and tolerance. This is in line with Sen's (2012) and Roth's (2015) writings on the importance of actively discussing human rights and social justice in schools.

Keywords: young adults, Icelandic society, cultural and religious diversity, equality, human rights

## ABOUT THE AUTHORS

Hanna Ragnarsdóttir (hannar@hi.is) is professor of multicultural studies at the University of Iceland, School of Education. She completed an M.Sc.-degree in anthropology from the London School of Economics and Political Science in 1986 and a Dr.philos in education from the University of Oslo in 2007. Her research has mainly focused on immigrants (children, adults and families) in Icelandic society and schools, multicultural education and school reform.

Gunnar J. Gunnarsson (gunnarjg@hi.is) is professor of religious education at the University of Iceland, School of Education. He graduated in theology from the University of Iceland in 1978 and completed a Ph.D.-degree in education from Stockholm University in 2011. In his research, the main focus has been on religious education and diversity and on young people's life view and values in a multicultural society.

Gunnar E. Finnbogason (gef@hi.is) is professor at the School of Education, University of Iceland. He completed his M.Sc.-degree in pedagogy and educational studies from the University of Uppsala in 1984 and a Ph.D.-degree from the same school in 1995. His research has primarily been in the field of educational politics/educational policies, the ideology of education, curriculum studies, values/sharing of values, children's rights and the Convention on the rights of the child.

Halla Jónsdóttir (halla@hi.is) is adjunct of history of ideas, science and ethics at the University of Iceland, School of Education. She is Licentiate in history of ideas and science from the University of Uppsala. She worked for 20 years as a general classroom teacher in a secondary school. Teaching is her primary profession and she has been active in curriculum planning. Her research interests are in learning and teaching in diverse classrooms. Current research and writing include democracy in the classroom, professionalism, research on teachers training students, and multicultural education.